

Mosfellsbær
Skipulagsfulltrúi
Þverholt 2
270 Mosfellsbær

Reykjavík 3. október 2019
MÍ201909-0078/ 6.09 / 5221

Efni: Blikastaðir Mosfellsbæ - skipulags- og matslýsing vegna deiliskipulags

Með bréfi dagsettu 12.9.2019 óskaði Lára Gunnarsdóttir verkefnastjóri eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um skipulags- og matslýsingu fyrir nýtt deiliskipulag verslunar- og athafnasvæðis Blikastaðalandi, dagsett 15.8.2019, unnið af ARKÍS. Í lýsingunni kemur fram að ekki sé vitað um skráðar menningarminjar eða fornleifar á deiliskipulagssvæðinu. Bent skal á að fornleifaskrá Mosfellsbæjar var gefin út af Þjóðminjasafni Íslands árið 2006 og fullnægir hún ekki kröfum núgildandi laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Samkvæmt 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 skal skrá menningarminjar; fornleifar, hús og mannvirki vegna skipulags og framkvæmda. Minjastofnun Íslands hefur gefið út reglur um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda nr. 620/2019 sem er að finna á vef Minjastofnunar.

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags fyrir frístundasvæði í landi Blikastaða í Mosfellsbæ skal endurskoðuð og uppfærð miðað við núgildandi staðla og reglur Minjastofnunar um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda nr. 620/2019. Sýnilegar fornleifar á deiliskipulagssvæðinu skulu mældar upp og útlínur þeirra færðar inn á deiliskipulagsuppdrátt þannig að fram komi með skýrum hætti umfang og afstaða minjanna.

Virðingarfyllt,



Guðný Gerður Gunnarsdóttir
minjavörður Reykjavíkur og nágrennis

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærarlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslutlaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið
Minjavörður Reykjavíkur og
nágrennis
Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

**Guðný Gerður
Gunnarsdóttir**
Minjavörður Reykjavíkur og
nágr.
guðnygerdur@minjastofnun.is

Afrit sent:
Skipulagsstofnun

Afrit sent í tölvupósti:
Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar (olafur@mos.is)
Lára Gunnarsdóttir (lara@mos.is)

